



Áætlun um öryggi og heilbrigði

Inngangur

Áætlun um öryggi og heilbrigði í Kársnesskóla er ætlað að tryggja sem best vellíðan allra starfsmanna, fyrirbyggja og draga úr hættu á slysum, óhöppum, álagi, vanlíðan og heilsutjóni sem starfsfólk getur orðið fyrir við störf.

Til að vinnuvernd verði órjúfanlegur þáttur starfsemi skólans skal fylgja áætluninni í daglegri starfsemi.

Áætluninni fylgir áhættumat sem unnið er af Öryggisnefnd skólans sem jafnframt gerir úrbótaáætlun í kjölfar matsins ef niðurstöður þess gefa tilefni til.

Öryggisnefnd Kársnesskóla er skipuð skólastjóra og húsverði sem gegna hlutverki öryggisvarða og tveimur kennurum sem eru öryggistrúnaðarmenn.

Lög og reglugerðir

Viðmið sem stuðst er við í áhættumati byggja á lögum og reglugerðum sem eiga við starfsemi í grunnskólum:

- Lög nr 46/1980 Vinnuverndarlögin (lög um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum)
- Reglugerð nr. 920/2006 Reglugerð um skipulag og framkvæmdir vinnuverndarstarfs á vinnustöðum
- Reglugerð nr. 581/1995 Reglur um húsnæði vinnustaða
- Reglugerð nr. 921/2006 Reglur um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum
- Reglugerð nr. 498/1994 Reglur um skjávinnu
- Reglugerð nr. 499/1994 Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar
- Reglugerð nr. 1009/2015 Reglugerð um aðgerðir og einelti á vinnustöðum
- Reglugerð nr. 553/2004 Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum
- Reglugerð nr. 931/2000 Reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti
- Byggingareglugerð

Lög og reglur er að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins <https://island.is/s/vinnueftirlitid/aaetlun-um-oryggi-og-heilbrigdi>

Áhættumat -samantekt

Áhættumat var framkvæmt af öryggisnefnd í janúar 2026. Í fylgiskjali er að finna úrbótaáætlun sem unnin var í kjölfar áhættumatsins.

Innra starf

Vinnuverndarstarf

Kerfisbundið vinnuverndarstarf á sér að einhverju leiti stað í Kársnesskóla. Stefna Kópavogsbæjar gegn einelti, áreitni og ofbeldi er kynnt árlega fyrir starfsfólki, sem og Velferð á vinnustað (velferð og heilsa starfsfólks) auk þess sem starfsfólk sækir skyndihjálparnámskeið annað hvert ár.

Rýmingaráætlun er kynnt og æfð árlega og starfsfólk og fær leiðbeiningar um hvernig á að tilkynna vinnuslys.

Nýtt starfsfólk fær fræðslu/upplýsingar um sitt staðbundna vinnusvæði en gera má betur í þeim þætti.

Öryggisnefnd er skipuð fjórum starfsmönnum og hafa þeir setið námskeið um vinnuvernd og sá fjórði fer á slíkt námskeið á þessu skólaári. Öryggisnefnd fundar ekki reglulega og þarf að ráða bót á því.

Áhættumat var unnið af öryggisnefnd í janúar 2026 og í kjölfarið var gerð úrbótaáætlun sem unnið verður eftir árið 2026, sjá fylgiskjal.

Hollustuhættir

Vinnurými

Vinnurými starfsfólks eru fullnægjandi að stærð, gólf og veggir auðveldir í þrifum að undanskildu gólfi á bókasafni. Vinnuherbergi kennara í lausum kennslustofum (ljósritunarvél) er ekki í sérrými en afgirt með skilrími. Þar eru vinnuborð, en eru ekki í réttari hæð.

Inniloft

Loftgæði eru mismunandi milli rýma. Loftræsting er að mestu í lagi en þarfnast nákvæmari stillingar í samræmi við hitastillingar. Dreigið er úr hitaálagi frá gluggum með gluggatjöldum og hitavörn í sumum glerjum. Ekki er þörf á sérstakri loftræstingu í efnafræðistofu. Öll þrif eru góð.

Efni og efnaáhrif

Varasöm og hættuleg efni eru geymd í læstum hirslum í efnafræðistofu og í læstu og loftræstu rými í hönnunar- og smíðastofu. Efni til ræstinga eru í læstum ræstingaherbergjum. Augnskolunartæki er í efnafræðistofu.

Lýsing

Dagsbirta er góð í flestum rýmum og bætt upp með stillanlegri raflýsingu þar sem hún er lítil. Nær öll vinnurými og salir eru með stillanlegri raflýsingu.

Hávaði

Hávaði er ekki mikill í skólabyggingunum en þó getur myndast skarkali í matsal sem starfsmenn reyna að draga úr eins og kostur er auk þess sem dreigið hefur verið verulega úr fjölda nemenda sem er í matsal hverju sinni. Búið er að setja hljóðeinangrunarplötur í loft á öllum kennslurýmum.

Verkstöðvar – líkamlegt álag/líkamsbeiting

Verkstöðvar eru góðar. Flestir kennarar og allir stjórnendur eru með stillanleg skrifborð og stillanlega stóla. Léttitæki og hjólavagnar eru til staðar og lyfta til að flytja hluti á milli hæða. Ekki hefur verið boðið upp á fræðslu iðjuþjálfna um líkamsbeitingu við störf. Ekki hefur verið boðið upp á námskeið um raddbeitingu nýlega.

Félagslegur og andlegur aðbúnaður

Aðgengi að stjórnendum er gott og verkaskipting nokkuð skýr. Stjórnendur reyna að bregðast við álagi allra starfsmanna eftir þörfum hvers og eins og styðja kennara vegna barna með sérþarfir og/eða agavanda.

Starfsmannakönnun er lögð fyrir annað hvert ár og sl. vor kom hún ekki vel út varðandi starfsaðstæður og stuðning stjórnenda. Síðan þá hefur skólanum verið skipt upp í tvo skóla og bæði starfsmenn og nemendum fækkað um helming sem bætti starfsaðstæður til muna en starfsmannasamtöl (sem fara fram ár hvert) eiga eftir að skýra betur hvernig starfsfólki líður varðandi stjórnun, starfsaðstæður og líðan.

Kársnesskóli fylgir jafnréttisstefnu og mismunar ekki fólki.

Kennarar hafa athafnafrelsi innan marka aðalnámskrár og þeirra verkefna sem stjórnendur setja á oddinn á hverju skólaári.

Upplýsingaflæði er gott og auðvelt fyrir alla að nálgast upplýsingar um daglegt starf.

Kennarafundir eru reglulega en starfsmannafundir einu sinni á hvorri önn og þar mætti bæta um betur.

Verklagsreglur varðandi ofbeldi af hálfu nemenda er til innan skólans en beðið er samræmdra reglna frá Kópavogsbæ. Reglur um tilkynningaskyldu til barnaverndar og lögreglu eru skýrar og kynntar árlega.

Stjórnendur vinna endurmenntunaráætlun ár hvert þar sem kallað er eftir tillögum frá starfsfólki, auk þess sem allir kennarar eru hvattir til að sækja námskeið á vegum Kópavogsbæjar í ágúst á hverju ári.

Öryggi

Húsnæði og umhverfi

Aðgengi að aðalbyggingu er gott, fyrir hjólastóla og vörumóttöku. Aðgengi fyrir hjólastóla í lausum kennslustofum er ekki eins gott vegna þröskulda.

Umferðarleiðir innanhúss í aðalbyggingu eru greiðar og öruggar.

Rýmingarleiðir eru greiðar, útgönguleiðir merktar, neyðarlýsing og myndir af flóttaleiðum á öllum göngum. Rýmingaráætlun er til staðar og er í endurskoðun hjá öryggisnefnd í kjölfar breytinga á húsnæði. Æfingar eru tvisvar á ári.

Annað

Slökkvibúnaður og lyfta eru yfirfarin reglulega. Skyndihjálparkassar á völdum stöðum og hjartastuðtæki á skrifstofu. Veggspjöld um fyrstu hjálp er í starfsmannarými.

Sérrými

Smíða- og verkmenntastofur

Vélar í verkmenntastofum eru í lagi. Í smíðastofu eru neyðarrofar við þær vélar sem við á, hlífðarbúnaður véla í lagi, yfirsýn kennara milli rýma er tryggð, vinnuaðstaða kennara góð. Skápar fyrir verkfæri og verkefni nemenda og sérrými fyrir málung og lökkun með loftræstingu. Bæta þarf úr

staðsetningu tækja sem kennari nýtir og skapa meira rými sem og fyrir efnislager. Bæta þarf staðbundið afsog frá vélum.

Brennsluofn er í sérrými.

Persónuhlífar

Viðeigandi hlífar eru til staðar, s.s. skór, hanskar, svuntur, sloppar, hlífðargleraugu og heyrnarhlífar.

Sundlaugar, setlaugar

Nemendur sækja skólasund í Kópavogslaug. Kennarar hafa ekki aðstöðu þar til vinnu en hafa vinnurými í aðalbyggingu skólans.

Íþróttasalir

Nemendur sækja íþróttir í Íþróttahúsið við Holtagerði, í Fagralund, Smárann og Kötlufitness sem er staðsett í húsnæði Kópavogslaugar.

Íþróttakennarar hafa ekki vinnuástöðu nema í íþróttahúsi og sú aðstaða er lítil og rúmar ekki samvinnu. Þeir hafa hins vegar slíkt vinnurými í aðalbyggingu skólans.

Aðbúnaður

Starfsmannarými

Snyrtingar fyrir starfsmenn eru fullnægjandi fyrir starfsmannafjölda. Þær eru kynjaskiptar.

Fatahengi er frekar lítið og með lélegri loftræstingu, læstir skápar fyrir almenna starfsmenn eru þar en flestir kennarar hafa læsta hirslu í sinni kennslustofu.

Kaffistofa starfsmanna í aðalbyggingu er ekki nægilega stór og rúmar ekki alla starfsmenn í einu. Í lausum kennslustofum hefur verið búið til lítið kaffihorn sem er ekki ætlað sem mataraðstaða.

Ræstiklefar

Ræstiklefar eru víða, allir með góðu aðgengi og viðeigandi búnaði.

